



Fundargerð

1. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 11:00 miðvikudaginn 27. maí 2026, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Jelena Ohm, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Ólöf Þórhallsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir.

Dagskrá fundar:

- Stjórn skiptir með sér verkum
- Erindisbréf og verklag vegna stjórnarfunda
- Fundartími
- Sýningar og vinnustofur
- Önnur mál

Stjórn skiptir með sér verkum

Nú er fyrsti fundur stjórnar að loknum aðalfundi þann 7. maí sl. Aðalstjórn var endurkjörin, en Ólöf Þórhallsdóttir tók við stjórnarsetu í stað Anítu. Var hún boðin velkomin í hópinn.

Sveinn Hreiðar formaður stjórnar setur fund og vegna annarra starfa segir hann sig frá formennsku í stjórn Markaðsstofu Suðurlands.

Stjórn ákveður að Jelena Ohm verði formaður stjórnar og Sveinn Hreiðar varaformaður.

Erindisbréf og verklag vegna stjórnarfunda

Ragnhildur kynnir/rifjar upp erindisbréf stjórnar fyrir fundargestum og það var einnig sent út í tölvupósti með fundarboði. Umræða um leiðir til hafa öll gögn sameiginlega aðgengileg fyrir

stjórnarmenn. Áður hefur verið unnið með svæði á Teams sem reyndist misvel. Starfsmenn skoða leiðir varðandi þetta. Framkvæmdastjóri sendir stjórnarmönnum skjöl til rafrænnar undirritunar vegna breytinga á stjórn.

Fundartími

Ákveðið að halda stjórnarfundum annan mánudag hvers mánaðar kl. 10:00. Fundir eru almennt haldnir í gegnum Teams, en áfram verður lagt upp með að halda staðfundum í september, desember auk aðalfundar í maí.

Markaðsmál framundan

Framleiðsla efnis

Markaðsstofan er nú að vinna að tveimur stærri verkefnum við efnissköpun, annað með Íslandsstofu og hitt með Icelandair. Tökur á vegum Íslandsstofu hefjast á Suðausturlandi í dag og lofa bæði verkefni góðu. Icelandair verkefnið er þegar farið af stað á samfélagsmiðlum, en sjálfar tøkurnar verða keyrðar hringinn í kringum landið seinnipartinn í júní. Gist verður í þrjár nætur á Suðurlandi og er þegar búið að bóka hópinn í Kerlingarfjöll og á Hellu, en erfiðar gengur að finna lausa gistingu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Er nú unnið með það að koma upp tjaldbúðum í Skaftafelli á þeirri dagsetningu.

Sýningar og vinnustofur

Vinnustofur í Kanada

Ragnhildur fer til Kanada á morgun þar sem ætlunin er að sækja vinnustofur með Íslandsstofu. Markaðsstofa Suðurlands og Markaðsstofa Reykjaness hafa unnið sameignlegt markaðsefni vegna Eldfjallaleiðarinnar, en til þess fékkst nýverið styrkur úr byggðaáætlun.

Önnur mál

- Tekin upp umræðan frá vinnufundi sl. desember varðandi kynningu á Markaðsstofunni fyrir nýja kjörna fulltrúa. Ákveðið að stefna að slíkum fundi snemma í haust þar sem bæði SASS og MSS verða með kynningar á sínu starfi. Anton Kári tekur þennan bolta inn á næsta fund SASS sem verður haldinn næstu daga.
- **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða og áfangastaðaáætlun** – Umræða um nýjustu úthlutun sjóðsins þar sem styrkir komu til 5 verkefna á Suðurlandi sem er alltaf gleðileg tíðindi. Einnig umræða um eflingu áfangastaðaáætlana þegar kemur að sjóðnum.

Fundi slitið kl. 11:50